

REGLUGERÐ

um skotvopn og skotfæri.

I. KAFLI

Um veitingu skotvopnaleyfa.

1. gr.

Einstaklingur, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi til þess að eignast skotvopn.

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfraði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni eða laga er varða meðferð skotvopna. Veita má þó umsækjanda leyfi, ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið, enda sýni hann fram á, að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið getur þó lög-reglustjóri veitt umsækjanda leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sekt-um eða varðhaldi og ekki hafi verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrott eða brot á lögum, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilegan andlegan þroska, er andlega heilbrigður, er ekki haldinn drykkjuhneigð, neytir ekki ávana- og fíkniefna og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með og eiga skotvopn.
4. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn. Áður en leyfi er veitt skal lögreglustjóri kanna, eða láta kanna af þar til kvöddum manni, hæfni og kunnáttu umsækjanda eftir nánari reglum, er dómsmálaráðuneytið setur.

Lögreglustjóri getur synjað um leyfi fyrir skotvopni, ef umsækjandi gerir eigi nægilega grein fyrir í hvers skyni hann leitar leyfisins svo og ef lögreglustjóri telur af einhverjum ástæðum varhugavert að veita umsækjanda skotvopnaleyfi.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Sá, sem fullnægir skilyrðum 1. gr., getur fengið leyfi lögreglustjóra fyrir eftirgreindum skotvopnum:

1. Haglabyssum cal. 12, 16 og 20, einskota eða tvíhleypum.
2. Rifflum cal. 22, einskota.
3. Lofttrifflum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur ennfrems veitt leyfi fyrir eftirtöldum skotvopnum með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir:

1. Haglabyssum cal. 12, og með minni hlaupvidd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.
2. Rifflum cal. 30, og með minni hlaupvidd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.

„Sjálfvirk“ (automatic) er skotvopn, ef hægt er að skjóta úr því röð af skotum með því aðeins að taka einu sinni í gikkinn.

„Hálf sjálfvirk“ (semi-automatic) er skotvopn, ef hægt er að skjóta úr því einu skoti á eftir öðru, þar til skothylkjahólf (magasin) er tæmt, með því aðeins að taka í gikkinn í hvert skipti sem hleyp er af skoti.

Leyfi fyrir skotvopnum skv. þessari grein má aðeins veita þeim, sem sýnir fram á, að hann hafi þörf fyrir að eiga þau og sýnir jafnframt fram á sérstaka hæfni í meðferð skotvopna. Umsækjandi skal gangast undir sérstakt hæfnis- og kunnáttu-próf skv. nánari reglum er dómsmálaráðuneytið setur.

Leyfi fyrir rifflum með meiri blaupvidd en cal 243 skal ekki veita nema í undan-tekningartilfellum og að jafnaði aðeins til þeirra, sem stunda veiðar stærri dýra, svo sem hreindýra. Nú hyggst maður stunda hreindýraveiðar og sækir í því skyni um leyfi fyrir slíkum riffli, skal hann þá láta fylgja með umsókn meðmæli eftirlitsmanns með hreindýraveiðum og vottorð um að hann hafi leyfi til þess að veiða hreindýr. Leyfi fyrir skotvopnum, sem ætluð eru til minkaveiða má aðeins veita að fenginni umsögn veiðistjóra.

Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum, sem taka fleiri en tvö skot-hylki, rifflum cal. 222 og stærri sem taka fleiri en eitt skothylki, nema umsækjandi sýni fram á sérstaka þörf fyrir að eiga margskota vopn.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögreglustjóri heimilað eign skotvopna, ef um gömul vopn er að ræða er teljast vera safngripir, enda skuldbindi eigandi sig til að nota þau eigi.

Lögreglustjóri getur krafist þess, að vopnið verði á kostnað eiganda gert tíma-bundið eða varanlega ónothæft.

5. gr.

Leyfi fyrir skammbyssum eða öðrum skotvopnum en að framan greinir skal lögreglustjóri eigi veita nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Lögreglustjórar geta veitt félögum og stofnunum leyfi til þess að eiga skot-vopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1977, enda leiti lögreglustjórar samþykkis dómsmálaráðu-neytisins á því áður en leyfi er veitt.

7. gr.

Erlendum ríkisborgurum, sem dveljast hér á landi skal að jafnaði eigi veitt skotvopnaleyfi fyrr en eftir þriggja ára samfellda búsetu í landinu. Áður en leyfi er útgefið skal lögreglustjóri leita umsagnar útlendingaeftirlitsins.

8. gr.

Nú andast maður, sem hefur leyfi fyrir skotvopni og skulu þá aðstandendur hins látna tilkynna lögreglustjóra um látið. Lögreglustjóri skal taka ákvörðun um geymslu á skotvopninu þar til dánarbúinu hefur verið skipt.

Nú hefur hinn látni átt skotvopn, sem er sérstaklega verðmætt eða er kjörgripur og getur lögreglustjóri þá veitt erfingja leyfi fyrir því, þótt um vopn sé að ræða, sem fellur undir ákvæði 3. gr., enda fullnægi erfinginn skilyrðum til að mega eiga skotvopn skv. 2. gr., sbr. 1. gr.

Maki, sem hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi, þarf leyfi lögreglustjóra fyrir skotvopni eða skotvopnum, sem hinn látni maki hafði leyfi fyrir. Lögreglu-stjóra er heimilt að veita slík leyfi til bráðabirgða, þótt maki fullnægi ekki skil-yrðum 4. tl. 1. gr. enda skuldbindi hann sig til þess að nota eigi skotvopnið.

II. KAFLI

Skotvopnaleyfi og skráning skotvopna.

9. gr.

Í umsókn um skotvopnaleyfi skal tilgreina:

- 1) Fullt nafn, nafnnúmer, lögheimili, fæðingardag og stöðu umsækjanda.
- 2) Tegund þess skotvopns, sem umsækjandi hyggst eignast, svo og aðrar upplýsingar um það, þ. á m. hlaupvið og hvort það er margskota eða sjálfvirk.
- 3) Til hvaða nota skotvopnið er ætlað og hver sé þörf umsækjanda að eignast það.
- 4) Hafi umsækjandi átt lögheimili í öðru lögsagnarumdæmi síðustu tvö árin, skal hann tilgreina hið fyrra lögheimili.
- 5) Hafi umsækjandi áður fengið leyfi fyrir skotvopni skal hann tilgreina hvar og hvenær leyfið var útgefið og hvort það er í gildi.
- 6) Af hverjum umsækjandi hyggst kaupa skotvopnið.
- 7) Aðrar upplýsingar, ef lögreglustjóri óskar þess.

Ef umsækjandi er einstaklingur, skal umsókn send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi hefur lögheimili.

Ef umsækjandi er stofnun eða félag, sbr. 6. gr., skal umsókn send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem félagið er skráð eða þar sem stofnunin hefur starfsstöð. Í umsókn skal tilgreina notanda eða notendur og vörslumann.

10. gr.

Með umsókn um leyfi fyrir skotvopni skal fylgja sakavottorð umsækjanda og skotvopnaleyfi hans, hafi hann slíkt leyfi, svo og önnur gögn, ef lögreglustjóri óskar þess, svo sem meðmæli tveggja valinkunnra manna og læknisvottorð.

11. gr.

Hafi umsækjandi flutt í umdæmið og eigi eru liðin 2 ár frá flutningnum skal lögreglustjóri, áður en hann tekur afstöðu til umsóknarinnar, leita upplýsinga um umsækjanda hjá lögreglustjóra þess umdæmis, er umsækjandi flytur úr.

Hyggist umsækjandi kaupa skotvopn, sem þegar hefur verið skráð, skal lögreglustjóri kanna hvort rétt sé greint um skráninguna í umsókninni, áður en hann tekur afstöðu til hennar.

12. gr.

Ef lögreglustjóri telur, eftir að hafa kannað umsókn og fylgigögn, að til greina komi að veita leyfið skal hann láta umsækjanda gangast undir próf skv. 4. tl. 1. gr. eða 4. mgr. 3. gr. Að prófi loknu tekur lögreglustjóri endanlega afstöðu til umsóknarinnar.

13. gr.

Fallist lögreglustjóri á að veita umbeðið leyfi gefur hann út heimild til umsækjanda að mega eignast tiltekið skotvopn. Í heimild þessari (kaupaheimild) skal nákvæmlega tilgreina, í samræmi við 2. tl. 16. gr., hvaða skotvopn kaupandi megi kaupa og af hverjum.

Seljanda er óheimilt að selja öðrum skotvopn eða selja önnur skotvopn en greinir í kaupheimild. Seljanda ber að árita þrjú eintök kaupheimildar sem staðfesting á því að hann hafi selt kaupanda tilgreint skotvopn.

Frumrit kaupheimildar ber seljanda að senda til lögreglustjóra er hér greinir:

1. Selji verslun skotvopn skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð.

2. Selji einstaklingur sem hefur skotvopnaleyfi skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem seljandi á lögheimili þegar sala fer fram, án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega útgefið. Með kaupaheimild skal seljandi senda skotvopnaleyfi sitt og skal lögreglustjóri eyðileggja það og gefa út nýtt, án sérstaks gjalds, ef seljandi á fleiri vopn en hann selur. Ef leyfið er útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóra í því umdæmi tilkynnt um niðurfellingu eða endurnýjun leyfisins og skal hann þá rita á viðkomandi spjaldskrá, að tiltekið eða tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.
3. Selji stofnun eða félag sem fengið hefur leyfi samkvæmt 6. gr. skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi þar sem félagið er skráð eða þar sem stofnunin hefur starfsstöð. Að öðru leyti skal fara að sem segir í 2. tl.

Annað eintak kaupaheimildar afhendir seljandi kaupanda og gildir það eintak sem leyfi fyrir tilgreindu skotvopni til bráðabirgða í allt að einn mánuð frá útgáfu heimildar. Þriðja eintaki heldur seljandi.

Lögreglustjóri sem gefið hefur út kaupaheimild skal gefa út tilsvareandi skotvopnaleyfi jafnskjótt og hann hefur móttengið kaupaheimildina áritaða af seljanda. Hafi annar lögreglustjóri móttengið kaupaheimildina úr hendi seljanda skal hann framsenda hana þeim lögreglustjóra er gaf hana út að fullnægðum ákvæðum 3. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er eiganda skotvopns, heimilt að selja það verslun, sem hefur heimild til að versla með skotvopn, enda tilkynni hann það lögreglustjóra í því umdæmi þar sem hann hefur lögheimili. Tilkynningu ber eigi að taka gilda nema fyrir liggi viðurkenning frá viðkomandi verslun um að hún hafi keypt umrætt skotvopn, og að lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð, hafi verið tilkynnt um sölu. Seljanda ber að senda skotvopnaleyfi sitt til lögreglustjóra til ógildingar, sbr. ákvæði 3. mgr.

Ákvæði þessarar greinar eiga við þótt eignaryfirfærsla skotvopns eigi sér stað með öðrum hætti en með sölu.

Gjald fyrir skotvopnaleyfi skal greiða við móttöku kaupaheimildar.

14. gr.

Í skotvopnaleyfi skal tilgreina:

1. Nafn, nafnnúmer, fæðingardag og heimili leyfishafa.
2. Tegund, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvidd og aðrar upplýsingar um þau skotvopn, sem leyfið tekur til, sbr. 2. tl. 1. mgr. 16. gr.
3. Útgáfustað, útgáfudag og gildistíma.
4. Hvort leyfishafi hafi áður fengið útgefið skotvopnaleyfi.
5. Númer leyfis.

Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

15. gr.

Sá, sem óskar endurnýjunar skotvopnaleyfis skal senda umsókn um endurnýjun til lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Þegar leyfi er endurnýjað skal leyfishafi gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi skal einnig endurnýja í hvert skipti, sem leyfishafi fær heimild til þess að eignast til viðbótar skotvopn, eða þegar hann á fleiri en eitt skotvopn og selur hluta af skotvopnaeign sinni, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Hafi skotvopnaleyfi verið útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóri, sem endurnýjar leyfi, tilkynna það lögreglustjóra þeim, sem áður gaf það út og skal sá rita í viðkomandi spjaldskrá, að tiltekið eða tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.

Hafi skotvopnaleyfi glatast, skemmst eða eyðilagst, má gefa út samrit þess, til jafnlangs tíma. Finnist glatað skotvopnaleyfi skal tafarlaust skila því til lögreglustjóra. Skemmt skotvopnaleyfi, sem samrits er beiðst af skal afhenda lögreglustjóra.

Gildistími skotvopnaleyfis skal vera 10 ár frá útgáfu eða endurútgáfu skotvopnaleyfis. Lögreglustjóra er þó heimilt í sérstökum tilfellum að gefa út leyfi til skemmri tíma.

16. gr.

Lögreglustjórar skulu halda eftirtaldar skrár:

1. Spjaldskrá yfir leyfishafa þar sem skráð er nafn, nafnnúmer, heimilisfang og staða leyfishafa. Þar skal einnig skrá upplýsingar um þau vopn er leyfishafi á. Einnig skal skrá hvenær leyfi er útgefið eða endurútgefið svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar svo og ákvarðanir er lögreglustjóri tekur, svo sem afturköllun.
2. Spjaldskrá yfir leyfð skotvopn, þar sem komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um skotvopnið, þ. á m. tegund þess, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvídd, hvað mörg skot vopnið taki og hvort það er sljálfvirkt, hálf-sljálfvirkt eða ekki.

Lögreglustjórar skulu skrá öll útgefin leyfi í tímaröð í sérstaka bók.

III. KAFLI

Um innflutning skotvopna.

17. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins til almennrar sölu skotvopn, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og sljálfvirk skotvopn, þar með talin hálfsljálfvirk. Dómsmálaráðuneytið getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins skotvopn, sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri.

19. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eftirtaldar vörur nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings:

1. Skotvopn og hluta til þeirra, sbr. 93. kafla tollskrár.
2. Skotfæri og hluta til þeirra eða efni til skotfæragerðar, sbr. tollskrárnúmer 36.01.00 (púður til skotfæragerðar) og 93. kafla tollskrár.
3. Vopn er falla undir tollskrárnúmer 93.01.00.
4. Örvaboga og örvar, sbr. tollskrárnúmer 97.06.09.

Lögreglustjóri í umdæmi því sem innflytjandinn hefur starfsstöð veitir framangreind leyfi með áritun á vörureikning.

Lögreglustjórar skulu senda dómsmálaráðuneytinu afrit af öllum vörureikningum er þeir hafa áritað til innflutnings.

Ef um er að ræða innflutning á öðrum skotvopnum en þeim sem tilgreind eru í 2., 3. og 4. gr., svo sem skammbýssum skal sækja um innflutningsleyfi til dómsmálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð.

20. gr.

Heimilt er að veita erlendum ríkisborgurum, sem dveljast um skamman tíma hér á landi, leyfi til þess að flytja til landsins skotvopn til eigin nota með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fullnægi skilyrðum íslenskra laga um að mega eiga skotvopn.
2. Að hann hafi skotvopnaleyfi útgefið í heimalandi sínu.
3. Að hann leggi fram meðmæli eins eða tveggja manna, búsettra hér á landi, er þekki umsækjanda persónulega og heimild eigenda þess lands þar sem hann hyggst nota skotvopnið.
Í umsókn skal umsækjandi tilgreina:
 1. Fullt nafn, ríkisfang, fæðingardag og ár og heimilisfang.
 2. Til hvers hann hyggst nota skotvopnið og hvar hann hyggst nota það.
 3. Tegund, hlaupvidd, verksmiðjuheiti og verksmiðjunúmer þeirra skotvopna er hann hyggst flytja með sér til landsins.
 4. Tegund og magn skotfæra, ef óskað er innflutnings þeirra.

Með umsókn skal umsækjandi senda staðfest endurrit eða ljósrit af skotvopnaleyfi því er hann hefur fengið útgefið í heimalandi sínu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur út umrædd leyfi svo og leyfi til handa viðkomandi að mega nota þau vopn sem hann flytur inn.

Skýlt er þeim, er fær umrædd leyfi, við brottför frá landinu, að flytja úr landi þau skotvopn er hann hefur flutt með sér til landsins.

Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi töllyfirvöldum um leyfi til erlendra manna.

IV. KAFLI

Um verslun.

21. gr.

Þeir sem fá leyfi til þess að versla með skotvopn og skotfæri, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1977, skulu geyma þau í húsnæði, sem viðurkennt er af viðkomandi slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra. Skotfæri skulu geymd í eldtraustum geymslum. Skotvopn og skotfæri skulu geymd í læstum og tryggilega útbúnum geymslum.

Á afgreiðslutíma má þó geyma í verslunum nægilegt magn af skotfærum og skotvopnum til daglegrar sölu.

Óheimilt er að stilla skotvopnum og skotfærum í útsýnisglugga verslana.

22. gr.

Heildsalar skulu senda dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um öll skotvopn er þeir selja smásöluverslunum, þ. á m. fjölda skotvopna, tegund, hlaupvidd, eintaksnúmer hvers skotvopns og hvort um margskota vopn er að ræða eða sjálfvirk (hálf sjálfvirk). Heildsalar skulu einnig senda sömu upplýsingar til lögreglustjóra þess umdæmis, þar sem viðkomandi smásöluverslun hefur starfsstöð.

Heildsalar skulu gefa lögreglustjórum á sama hátt upplýsingar um sölu skotfæra, ef þess er óskað.

23. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir skotvopn, sem þær hafa til sölu. Þeim ber að gefa lögreglustjóra upplýsingar um seld skotvopn jafnskjótt og sala hefur farið fram, sbr. 13. gr.

Smásöluverslanir skulu tilkynna lögreglustjóra taki þær skotvopn í umboðssölu eða kaupi til endursölu af öðrum.

24. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir seld skotfæri og senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð afrit af henni. Tilgreina skal magn skotfæra, tegund og hlaupvidd. Kaupandi skotfæra skal kvitta fyrir móttöku þeirra.

25. gr.

Aðeins má selja þeim skotfæri sem hafa skotvopnaleyfi og framvísa því.

Enginn má kaupa riffilskot í riffila sem eru stærri en cal. 243, nema með leyfi lögreglustjóra. Í leyfi skal m. a. tilgreina tegund og magn skotfæra.

V. KAFLI

Um skotfæragerð o. fl.

26. gr.

Skotvopnaleyfishafa er heimilt með leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki í þau skotvopn, sem hann hefur leyfi fyrir. Aðeins má veita þeim leyfi, sem hefur nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslutæki. Leyfi lögreglustjóra þarf til þess að kaupa púður, hvellhettur til skotfæragerðar og hleðslutæki.

27. gr.

Óheimilt er að stytta hlaup á skotvopni eða breyta því verulega nema með leyfi lögreglustjóra.

VI. KAFLI

Um skotvopn skv. 2. gr. laga nr. 46/1977.

28. gr.

Ákvæði laga nr. 46/1977 taka eigi til eftirgreindra skotvopna nema að því leyti sem segir í þessum kafla:

1. Naglabyssar og skothamrar, sem ætlað er til nota í byggingariðnaði.
2. Línubyssar og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssar, eða annarra slíkra skotvopna og skotfæra, sem eingöngu eru notuð við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Skotvopna, sem eingöngu eru notuð við slátrun dýra og eru þannig gerð að ekki hleypur af skot en þrýstist úr pinni.

29. gr.

Ákvæði um innflutningsleyfi skv. 7. gr. laga nr. 46/1977 sbr. 19. gr. reglugerðar þessarar svo og ákvæði 9. gr. sömu laga eiga þó við um skotvopn þau, sem nefnd eru í 3. tl. 28. gr.

30. gr.

Þeir sem hafa leyfi til þess að versla með skotvopn þau, sem tilgreind eru í 3. tl. 28. gr. skulu halda skrá yfir seld skotvopn og senda viðkomandi lögreglustjóra afrit af henni.

VII. KAFLI

Um tæki og vopn skv. 3. gr. laga nr. 46/1977.

31. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða og selja hættulegar tegundir örva-boga og örva svo og hættulegar tegundir egg-, högg- og stunguvopna eða annarra þvilíkra vopna, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 46/1977, nema með samþykki lögreglustjóra.

Um innflutningsleyfi nefndra vopna fer skv. ákvæðum 19. gr.

VIII. KAFLI

Um gjöld.

32. gr.

Greiða skal fyrir skotvopnaleyfi sem hér segir:

1. Fyrir hvert skotvopn sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað kr. 2 500
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi án tillits til fjölda skotvopna — 1 200

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi skv. 3. mgr. 8. gr.

IX. KAFLI

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga nr. 46/1977.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um endurskráningu skotvopna og innköllun eldri leyfa.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skulu endurnýjuð fyrir 1. júlí 1978. Leyfi sem gefin hafa verið út eftir gildistöku laga nr. 46/1977 og greitt hefur verið gjald fyrir skulu vera gjaldfrjáls.
2. Endurnýjun er bundin því skilyrði, að umsækjandi fullnægi skilyrðum, sem tilgreind eru í 1. gr.
Þeir, sem hafa áður fengið leyfi fyrir skotvopnum þeim sem tilgreind eru í 3. gr., eða hálfsjálfvirkum skotvopnum, eiga þess kost að fá leyfin endurnýjuð. Lögreglustjóra er þó heimilt að binda endurnýjun því skilyrði, að skotvopni verði breytt á þann veg að skothylkjahólf (magasín) rúmi aðeins eitt skothylki.
3. Leyfishafi sem óskar endurnýjunar á skotvopnaleyfi skal sýna lögreglustjóra eða starfsmanni hans viðkomandi skotvopn ef þess er óskað áður en leyfi er endurnýjað.
4. Komi í ljós að skotvopn ber eigi eintaksnúmer eða númer er afmáð skal númera það eftir ákvörðun lögreglustjóra. Skal eigandi skotvopns bera kostnað af því.
5. Sæki handhafi skotvopns ekki um endurnýjun skotvopnaleyfis innan tilskilins frests fer um upptöku samkvæmt 35. gr. laga nr. 46/1977.
6. Nú sækir handhafi skotvopns um endurútgáfu leyfis en lögreglustjóri synjar um endurútgáfu, og skal þá umsækjandi afhenda lögreglustjóra vopnið áður en endurnýjunarfrestur rennur út. Skal þá fara um sölu sem segir í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 46/1977.
7. Leyfi til verslunar og innflutnings skotvopna og skotfæra skulu endurnýjuð fyrir 1. júlí 1978. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir skotvopna og skotfæra er hann hefur undir höndum.
8. Heildsalar skulu svo fljótt sem verða má senda dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um óseldar birgðir skotvopna eins og þær voru um síðustu áramót svo og upplýsingar um skotvopn er þeir hafa keypt og selt á þessu ári fram að gildistöku reglugerðar þessarar. Upplýsingar skulu vera í samræmi við ákvæði 22. gr.

9. Smásöluverslanir skulu senda viðkomandi lögreglustjóra upplýsingar um óseldar birgðir skotvopna eins og þær voru um síðustu áramót, hvort sem er að ræða skotvopn í eigu viðkomandi verslunar eða hún hefur tekið í umboðssölu. Einnig skulu smásöluverslanir senda viðkomandi lögreglustjóra upplýsingar um skotvopn er þeir hafa keypt og selt frá áramótum fram að gildistöku reglugerðar þessarar. Upplýsingar skulu vera í samræmi við ákvæði 22. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Þorleifur Pálsson.

24. janúar 1978.

Nr. 17.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 500 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðabær.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 500 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 500 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

3. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sækji um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Neista.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Í Hafnarfirði skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin til kl. 2 eftir miðnætti.